



HÚNABÍNG  
VESTRA

# Deiliskipulag Kirkjuhvammur – útivistarsvæði. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn Húnabíngs vestra samþykkti á fundi sínum 08.12. 2011 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðisins í Kirkjuhvammi við Hvammstanga.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst eftir athugasemdum við breytingatillögu deiliskipulags útivistarsvæðisins í Kirkjuhvammi í Húnabíngi vestra.

## **Helstu markmið deiliskipulagstillögunnar eru:**

- Svæði E, sem er ætlað fyrir tjöld og tjaldvagna verður stækkað til vesturs og skilgreint fyrir tjöld, tjaldvagna og smáhýsi til útleigu.
- Gert er ráð fyrir tveimur lóðum fyrir samtals 18 smáhýsi til útleigu í tengslum við ferðapjónustu.

Skipulagsuppdráttir og greinargerð liggja frammi á skrifstofu Húnabíngs vestra frá 4. janúar 2012 til og með 17. febrúar 2012. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is). Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Húnabíngs vestra Hvammstangabraut 5 eða á netfangið [alla@hunathing.is](mailto:alla@hunathing.is) merkt "Kirkjuhvammur Hvammstanga tillaga að breytingu á deiliskipulagi." Athugasemdafrestur er til 17. febrúar 2012. Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Hvammstangi, 29. desember 2011

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri Húnabíngs vestra.